

 15.10.15 - 18.10.15
MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS 

15.-18. október

MENNINGARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS 2015

Um tvö hundruð manns á öllum aldri leggja sitt af mörkum til að gera Menningarhátíð Seltjarnarness 2015 að veruleika, en undirbúningur hátíðarinnar hefur staðið yfir á annað ár.

Tilgangur hátíðarinnar er að brjóta upp hversdagsleikann, skora skilningarvitin á hólmi og njóta samveru fjölskyldu og vina á uppbyggilegan máta. Hornsteinn upplýstra samfélaga felst í virku menningarstarfi og -þátttöku. Menningin og listir auka víðsýni okkar og skilning og örva sköpunar- gleðina sem býr innra með okkur öllum. Upplifun og þátttaka ungmenna í menningarviðburðum auðga líf þeirra og færa þeim farsælt og oft eftirminnilegt veganesti út í lífið.

Á þessu fjögurra daga ferðalagi sem Menningarhátíð Seltjarnarness býður upp á ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Áhersla hefur verið lögð á að draga fram í dagsljósið þann mikla auð sem býr í okkar litla, en litríka samfélagi. Listamenn og þátttakendur hátíðarinnar hafa lagt ríkulegan metnað í að skapa umgjörð sem uppfyllir væntingar kröfuharðra listunnenda og verður þeim seint þökkuð öll sú óeigingjarna vinna sem að baki býr.

Á engan er hallað þegar nafn Bæjarlistamanns Seltjarnarness 2015, Helga Hrafn Jónssonar, er tekið út fyrir ramma þátttakenda. Helgi Hrafn á að baki farsælan listaferil á erlendra grundu og býður bæjarbúum að kynnast sér og erlendum samstarfsaðilum á hátíðinni með fjölbreyttum viðburðum sem standast allan samanburð.

Tökum þátt, njótum og skemmtum okkur á Menningarhátíð Seltjarnarness.

Soffía Karlsdóttir, sviðsstjóri menningarsviðs Seltjarnarnesbæjar.



FIMMTUDAGUR

Kl. 17

Setning Menningarhátíðar Seltjarnarness 2015

Gallerí Gróttá &
Bókasafn Seltjarnarness

Formaður menningarnefndar, **Katrín Pálsdóttir**, setur Menningarhátíð Seltjarnarness 2015. Félagar úr **Kammerkór Seltjarnarneskirkju** syngja. Veitingar í boði. Allir velkomnir.

Kl. 17

Taktur í 100 ár

Gallerí Gróttá

Sýningaropnun



Sýningin varpar ljósi á baráttusöngva kvenna síðustu 100 árin. Um hvað fjölluðu baráttusöngvar fyrir um liðlegri öld og hvernig hafa þeir þróast til dagsins í dag.

Leikkonan **Arndís Hrönn Egilsdóttir** fer í hlutverk framtíðarkonunnar og sýnir klæðnað hennar eftir 100 ár, sem **Sigurlaug Brynjúlfsdóttur** nemandi í Való hannaði og útfærði með hjálp kennara og fulltrúa úr félagsstarfi aldraðra.

Sýningarstjóri **Sigurlaug Arnardóttir**. Sýningin er unnin í tilefni af 100 ára kosningarafmæli kvenna.

Kl. 17

Taktur í 100 ár

Bókasafn Seltjarnarness

Sýningaropnun



Kvenréttindabaráttan með augum nokkurra **nemenda í Való** verður kynnt í myndum, texta- og hugmyndavinnu, ljóðum og bókverkum. Verkefni eru unnin í samstarfi við sýningarstjóra og kennara.

Listamenn leikskólans sýna verk sín í barnadeildinni. Í Bókasafninu verður **Jenna Jensdóttir**, sem er heiðursrithöfundur Menningarhátíðar Seltjarnarness 2015, hýllt með kynningu og sýningu á bókmenntum sem eftir hana liggja.



FIMMTUDAGUR

Kl. 20

Landbrot

Sýningarsalur í Nesi

Opunarhátíð

Í sýningarsalnum í Nesi (áður fyrirhuguðu Lækningaminjasafni) býður **Helgi Hrafn Jónsson**, Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2015, upp á magnaða upplifun þar sem hann spinnur saman þræði ólíkra listforma undir samheitinu Landbrot.

Helgi Hrafn leikur ásamt félögum sínum **frumsamda tónlist**, erlendir dansarar, sem hann hefur fengið hingað til lands sýna **dansgjörning**, en annar þeirra dansar einnig í stóru **vídeólistaverki** sem sýnt verður í söllum byggingarinnar. Ný **stuttmynd** Helga Hrafn, unnin í samvinnu við hollenska listamenn, verður frumsýnd að viðstöddum aðstandendum auk þess sem ný og áður ósýnd **málverk** listamannsins prýða veggja byggingarinnar. Allir eru velkomnir. Veitingar í boði.



Kl. 20

Undrabörn Mary Ellen Mark

Nesstofa

Sýningaropnun



Ljósmyndasýning á verkum hins heimsþekkta ljósmyndara, **Mary Ellen Mark**, sem lést fyrir á þessu ári. Ljósmyndirnar sýna veruleika fatlaðra barna á Íslandi, en Mary Ellen er þekkt fyrir myndir þar sem horfst er í augu við raunveruleikann.

Verkin eru í eigu **Þjóðminjasafns Íslands**, sem annast uppsetninguna og lánar verkin í tilefni af Menningarhátíðinni.



FÖSTUDAGUR

Kl. 11

Bach fyrir börnin

Seltjarnarneskirkja

Friðrik Vignir Stefánsson organisti býður 5. og 6. bekkingum Mýró upp á nýstárlega tónlistarkynningu á einu af stærstu tónskáldum tónbókmenntanna sjálfum J. S. Bach.

Friðrik reynir m.a. að slá eigið hraðamet með því að spila 663 nótur í fantasíu eftir Bach á innan við mínútu, auk þess að snúa við hlutverki fingra og fóta við orgelið.




Kl. 15

Hvað er að virka?

Bókasafnið

Umræður um unglingsbækur



Rithöfundurinn **Bryndís Björgvinsdóttir**, sem skrifaði Hafnirðingabrandarinn og **Dagbjört Kjartansdóttir** myndasögusérfræðingur frá versluninni Nexus bjóða unglingum að hitta sig í unglingsdeild Bókasafns Seltjarnarness og ræða hvaða bækur höfði til ungmenna og af hverju.

Kl. 16

Taktur í 100 ár

Bókasafnið

Leiðsögn og spjall nemenda

Nemendur bjóða bæjarbúum í leiðsögn og umræður um verk sín á sýningunni.

Egill Breki Scheving les frumsamin ljóð samnemenda, sem fjalla um kvenréttindabaráttuna á jafnt gamansaman sem alvörubrúninginn máta.

Kl. 16.30 **Taktur í 100 ár**

Gallerí Gróttu

Leiðsögn sýningarstjóra

Sigurlaug Arnardóttir sýningarstjóri er með leiðsögn um sýninguna og rekur sögu baráttusöngva kvenna gegnum tónlist og skáldskap í eina öld.



FÖSTUDAGUR

Kl. 17

Lúðrasveit Tónó
ásamt sólistum

Eiðistorgi

Helgi Hrafn - Tribute




Stórskotalið blásara koma fram með skólalúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness á tónleikum undir stjórn **Kára Einarssonar**. Tónleikarnir eru til heiðurs bæjarlistamanninum **Helga Hrafn Jónssyni**, sem ánafnaði sveitinni starfsstyrknum sem hann hlaut við útnefninguna.

Kl. 18

Pop Quiz

Eiðistorg



Ungmennaráð Seltjarnarness býður öllum í lauflétt Pop Quiz með glæsilegum vinningum. Spurningahöfundur og spyrill er **Björn Bragi Arnarsson**.

Súper tilboð á Rauða ljóninu. Popp í boði fyrir alla þátttakendur.



LAUGARDAGUR

Kl. 9

Morgunhugleiðsla og orkuskot

Systrasamlagið

Systrasamlagið slær upp tjaldi við höfuðstöðvar sínar og býður bæjarbúum og öðrum í morgunhugleiðslu með **Thelmu Björk** hönnuði og jógakennara.

Hofið er opið allan daginn. Milli kl. 9-10 er gestum boðið upp á engiferskot og te.



LAUGARDAGUR

Kl. 9.30 **Neshreysti**

Plan við Sundlaug



Hitað upp með **Eddu Hermanns** fyrir utan sundlaugina áður en haldið er í stuttan en röskan göngu- eða hlaupatúr um stígana á Nesinu undir leiðsögn félaga úr **Trimmklúbbi Seltjarnarness**, en klúbburinn fagnar 30 ára afmæli á árinu.

Skokkinu lýkur í morgunverðarhlaðborði á Eiðistorgi.

Kl. 10.30 **Morgunverðarboð fyrir bæjarbúa**

Eiðistorg



Seltjarnarnesbær, TKS, Hagkaup og Bakarí Jói Fel bjóða öllum bæjarbúum í girnilegt morgunverðarhlaðborð. Hinir hressu félagar í **Ábreiðubandinu** spila öll þekktustu lögin, trúðar frá **Sirkus Íslands** skemmta börnum og boðið er upp á andlitsmálun.



Kl. 12 **Músin Marta**

Bókasafn Seltjarnarnes



Egill Eðvarðsson handritshöfundur og leikstjóri sjónvarpsleikritsins **Músin Marta** segir börnum stuttlega frá leikritinu og sýnir verkið á stórum skjá í Bókasafninu. Leikritið er frá árinu 1996 en það byggir á sögu **Jennu Jensdóttur**, Mýslu litlu.

Aðalhlutverk leikur **Arnljótur Sigurðsson**.
Ætlað börnum á aldri 7-12 ára.



LAUGARDAGUR

Kl. 13

Lyfjafræðisafnið

Sýning

Í Lyfjafræðisafninu er hægt að sjá sýnishorn af **apóteksinnréttingum**, sem eru frá fyrstu tugum seinustu aldar og einnig eru þar til sýnis tæki, sem notuð hafa verið til lyfjagerðar öldum saman.

Opið verður á Menningarhátíðinni laugardag og sunnudag frá kl. 13-17.

Kl. 16

Á Valhúsahæð - Tónlistarhátíð Nesbúa 2015

Seltjarnarneskirkja

Listræn stjórnun og umsjón: **Björg Þórhallsdóttir** og **Hilmar Örn Agnarsson**

Björg Þórhallsdóttir sópran

Maren Finnsdóttir sópran

Nína Hjördís Þorkelsdóttir, þverflauta

Guðný Guðmundsdóttir, fiðla

Gunnar Kvaran, selló

Auður Hafsteinsdóttir, fiðla

Geirprúður Ása Guðjónsdóttir, fiðla

Þórunn Ósk Marinósdóttir, víola

Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló

Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness, yngri deild, stjórnandi **Kári Einarsson**

Grunnskólakórar og Gömlu meistarnir, stjórnandi **Inga Björg Stefánsdóttir**

Kammerkór Seltjarnarneskirkju, stjórnandi **Fríðrik Vignir Stefánsson**

Selkórinn, stjórnandi **Oliver Kentish**

Félagar úr **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna**, stjórnandi **Oliver Kentish**

Hilmar Örn Agnarsson, píanó / orgel

Fríðrik Vignir Stefánsson, píanó / orgel


Heiðursgestur: **Sigrún Hjálmtýsdóttir** sópran

Tónskáld hátíðarinnar: **Árni Freyr Gunnarsson**

Kynnir: **Eva María Jónsdóttir**

Miðar seldir við innganginn. Verð kr. 1.500,-

Sjóvá er bakhjarl tónlistarhátíðarinnar.





LAUGARDAGUR

Kl. 21

**Tina Dickow, Helgi Hrafn
Jónsson og félagar**

Félagsheimili

Tónleikar
UPPSELT

Hápunktur Menningarhátíðar Seltjarnarness 2015 eru tónleikar hinnar dádú, dönsku söngkonu **Tínu Dickow**, Bæjarlistamannsins **Helga Hrafn Jónssonar** og féлага þeirra, sem nýverið slógu í gegn á tónleikaferðalagi um Evrópu. Húsið opnar kl. 20.



SUNNUDAGUR

Kl. 10

Seltjarnarneskirkja

- Kl. 10 **Fræðslumorgunn** **Sigurður Pétursson**, lector emeritus flytur erindið *Lífið í Hrólfsskála – Frá íslenskri ættarhefð* til tóna Bachs.
- Kl. 11 **Guðspjónusta** Tileinkuð J. S. Bach, fimmta guðspjallamanninum.
- Kl. 12 **Sat ég og saumaði** Sýning á gömlum handútsaumuðum dúkum af heimilum á Seltjarnarnesi. Kvenfélagið Seltjörn setur upp.
- Kl. 12 **Flóamarkaður** Markaður og vöfflukaffi í kjallara. Allur ágóði rennur til viðhaldsverkefna í kirkjunni.



SUNNUDAGUR

Kl. 14

Heiðursdagskrá um Jennu Jensdóttur

Félagsheimili



Heiðursdagskrá um hinn ástsæla rithöfund **Jennu Jensdóttur** (f.1918). Sem rithöfundur og persóna hefur Jenna verið áhrifavaldur í lífi margra þjóðþekkra einstaklinga, sem nú stíga fram og varpa ljósi á hina margbrotnu konu.

Fram koma: **Ásgerður Halldórsdóttir, Egill Eðvarðsson, Jenna Jensdóttir, Jón Gnarr, Katrín Jakobsdóttir, Styrmir Gunnarsson og Þorgrímur Þráinsson.**

Stjórnandi er **Sólveig Pálsdóttir** rithöfundur.

Tónlist flytja **Sigríður Thorlacius** söngkona og **Hjörtur Ingv. í Jóhannsson** píanóleikari.





SUNNUDAGUR

Kl. 18

**Friðrik Karlsson
og Nýjaland**

Seltjarnarneskirkja

Hugleiðsla



Gítarsnillingurinn og tónlistarmaðurinn **Friðrik Karlsson** og **Stefanía Ólafsdóttir** græðari frá **Nýjalandi** flytja hugleiðslu með tónlist eftir Friðrik, sem er kunnur fyrir slökunar- og vellíðunartónlist sína, en saman gáfu þau nýverið út geisladiskinn Óskastund.

Kl. 21

**Tína Dickow, Helgi Hrafn
Jónsson og félagar**

Félagsheimili

Aukatónleikar

UPPSELT



Vegna mikillar eftirspurnar eru tónleikar **Tínu, Helga** og féлага endurteknir á lokadegi Menningarhátíðar Seltjarnarness 2015.

Húsið opnar kl. 19.



SELTJARNARNESBÆR

Nánari upplýsingar um Menningarhátíð Seltjarnarness
má finna á www.seltjarnarnes.is

Opnunartímar



Bókasafn Seltjarnarness

Fimmtudagur 15.10: kl. 10-19

Föstudagur 16.10: kl. 10-19

Laugardagur 17.10: kl. 10-17

Sunnudagur 18.10: kl. 12-17



Sýningarsalur í Nesi og Nesstofa

Fimmtudagur 15.10: kl. 20-22

Föstudagur 16.10: kl. 13-17

Laugardagur 17.10: kl. 12-17

Sunnudagur 18.10: kl. 12-17



Lyfjafræðisafn

Laugardagur 17.10: kl. 13-17

Sunnudagur 18.10: kl. 13-17

Bestu þakkir



HAGKAUP
Skemmtilegast á vörfla

